


✉ Re: 2108086 - Óskað eftir umsögn Ní vegna veiðigriðlands á austursvæði VJP

Búið til	30.11.2021 12:06:00
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	30.11.2021 12:06:00
Tilheyrir	 202110-0041 - Umsögn vegna veiðigriðlands á austursvæði VJP

Efni

Re: 2108086 - Óskað eftir umsögn Ní vegna veiðigriðlands á austursvæði VJP

Upplýsingar

Sent	30.11.2021 12:06:00	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	ingibjorg.halldorsdottir@vjp.is
Cc	johanna.k.thorhallsdottir@vjp.is

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202110-0041 (SS).

Vísað er í bréf frá Vatnajökulspjóðgarði, dags. 28. október 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna veiðigriðlands á austursvæði þjóðgarðsins.

Til umsagnar er ákvæði í 9.5 kafla stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulspjóðgarðs sem fjallar um fugla- og hreindýraveiðar á austursvæði Vatnajökulspjóðgarðs, sér í lagi griðland austan við Snæfell, sem er að hluta til alþjóðlegt verndarsvæði (RAMSAR).

Forsendur fyrir því að veiðar eru takmarkaðar í griðlandinu er, samkvæmt texta í stjórnunar- og verndaráætlun, vegna mikilvægi svæðisins sem varplönd og fjaðrafellistaður fyrir heiðagæs, vegna votlendis með viðkvæmu gróðurlendi og vegna gildi svæðisins fyrir almenna útivist og náttúruskoðun. Einnig er talið að mikilvægt sé að tryggja hreinkúm með kálfa tímabundið griðland.

Þetta ákvæði um griðland er nú til endurskoðunar og var óskað eftir álitni Náttúrufræðistofnunar um málið og sérstaklega beðið um að stofnunin rýni í eftirfarandi atriði:

1. Hvort ástand fuglastofna og hreindýrastofnsins eða þættir er snúa að veiðistjórnun geri það að verkum að þörf sé á setningu sérstakra reglna um veiðar á svæðinu.
2. Hvort skilgreining svæðisins á lista RAMSAR kallar á setningu sérstakra ákvæða í stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.
3. Hvort vistfræðilegt þol svæðisins kallar á setningu sérstakra ákvæða og/eða eftirlit/aðgát, t.d. varðandi umferð og landnýtingu.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn sem fylgja umsagnarbeiðinni sem og frekari upplýsingar um forsendur fyrir því að stofnað var til veiðigriðlandsins, sem bárust frá Vatnajökulsþjóðgarði að beiðni Náttúrufræðistofnunar. Einnig hefur Náttúrufræðistofnun fundað með fulltrúum frá Vatnajökulsþjóðgarði og fulltrúum Náttúrustofu Austurlands um málið.

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar:

Ástand fuglastofna og hreindýrastofnsins og hlutverk veiðistjórnunar:

Ef horft er einungis til stofnstærðar og veiðipols stofna sem eru hér til umfjöllunar, þ.e. hreindýr og heiðagæs þá standa báðir stofnar vel. Veiðistjórnun ákvarðast hins vegar ekki einungis af veiðipoli stofnsins heldur einnig til viðkvæmra tímasetninga í lífsferlum dýranna þegar veiðar eiga ekki rétt á sér. Í tilfelli hreindýra er það einkum burðartími og tími sem hreinkýr eru með unga kálfa. Í tilfelli heiðagæsa eru það einkum varptími og fjaðrafellitími. Veiðitímabil eru skilgreind með þessa viðkvæmu tíma í huga en einnig má rökstyðja svæðisbundna veiðistjórnun í þessu samhengi. Sérstaklega ef taka þarf tillit til breytinga á tímasetningum á burði eða felli hjá einstaklingum eða hópum á tilteknum svæðum. Það getur ráðist af veðurfari eða öðrum þáttum og geta því verið ófyrirsjáanlegir.

Varðandi hvort griðlandið telst sérstaklega mikilvægt svæði fyrir hreindýr, og þá einkum kýr með unga kálfa, er vísað til umsagnar Náttúrustofu Austurlands sem vaktar hreindýr á svæðinu.

Fyrir heiðagæsir er eitt allra mikilvægasta fellisvæði heiðagæsa á landinu á Eyjabökkum, sem eru innan griðlandsins. Að mati Náttúrufræðistofnunar er eðlilegt að svo mikilvæg svæði séu undir aukinni verndun og veiði á gæsum í felli er óheimil skv. 16. grein laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Gæsir sem eru óvenju seinar í felli gætu enn verið á svæðinu þegar gæsaveiðitímabil hefst. Vitað er að varptíma gæsa á Vesturöræfum seinkar oft vegna snjóþyngsla.

RAMSAR-tilnefning svæðisins

Snæfells- og Eyjabakkasvæðið var samþykkt sem Ramsarsvæði árið 2013 en markmið Ramsarsamningsins er verndun mikilvægra votlendissvæða. Á Eyjabökkum er eitt mikilvægasta votlendissvæði á hálendi Íslands og eins og komið hefur fram er svæðið mikilvægt búsvæði fyrir fugla, m.a. felli- og beitisvæði fyrir heiðagæsir og beitolönd fyrir hreindýr m.a. nýbornar hreinkýr með unga kálfa. Yfir 30 fuglategundir hafa sést á Eyjabakkasvæðinu og vel yfir 300 tegundir plantna sem er mikill fjölbreytileiki fyrir hálendisgróðurlendi.

Með því að tilnefna svæði á lista Ramsarsamningsins hefur Ísland samþykkt að taka öll nauðsynleg skref til að tryggja verndun þeirra votlendisvistkerfa sem þar finnast og koma í veg fyrir að ógnir af öllum toga hafi neikvæð áhrif á lífríki þeirra. Ramsarsamningurinn gerir ekki neina sértæka kröfu um veiðibann eða veiðistjórnun en setur það í hendur ábyrgðarþjóða að skilgreina hvað aðgerðir eru æskilegar eða nauðsynlegar til að tryggja verndun svæðanna. Veiðibann er að mati Náttúrufræðistofnunar eðlileg aðgerð í því samhengi þar sem veiðum getur fylgt margs konar ónæði og rask jafnvel þótt veiðin sjálf sé sjálfbær með tilliti til þols veiðistofna.

-

Vistfræðilegt þol svæðisins

Gróðurfar og lífríki svæðisins innan griðlandsins er viðkvæmt fyrir margs konar umferð og landnýtingu. Náttúrustofa Austurlands vaktar hreindýr, heiðagæsir og gróðurfar svæðisins. Mikilvægt er að styrkja rannsóknir til að geta metið þol svæðisins fyrir ýmis konar ágangi svo sem beit, umferð okutækja, siglinga,

flugumferð og umferð gangandi. Með bættu aðgengi að svæðinu er mögulegt að ásókn í það aukist m.a. af óæskilegum fararmátum sem getur fylgt hávaði, rask á gróðurþekju og truflun fyrir dýralíf á viðkvæmum tímum t.d. gæsum í felli. Fylgjast þarf með og tilgreina reglur eftir þörfum og er eðlilegt að það sé gert í stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Ákvæðið um griðlandið horfir einungis til veiðibanns en ein afleiðing af slíku banni er að umferð veiðimanna um svæðið er engin. Þar af leiðandi minnkar almenn umferð um svæðið. Sérstaklega er það jákvætt í tilfelli hreindýraveiðimanna sem þurfa oft að sækja brád sína á fjórhlólum en umferð þeirra getur valdið skemmdum á viðkvæmri gróðurþekju. Þá hefst veiðitímabil hreindýra töluvert fyrr en veiðitímabil gæsa og ef hreindýraveiði yrði leyfð innan griðlandsins er töluvert hættu á að hún geti valdið mikilli truflun á gæsum í felli.

Niðurstaða

Náttúrufræðistofnun Íslands telur fulla ástæðu til að viðhalda griðlandi við Snæfell og á Eyjabökkum. Innan friðlýsts svæðis á borð við Vatnajökulsþjóðgarð er ekkert óeðlilegt við það að hafa sértækar reglur á tilteknum svæðum, einkum er varða atriði eins og veiðar á villtum dýrum sem augljóslega fela í sér neikvæðar afleiðingar fyrir fjölda einstaklinga veiðidýra en einnig ýmis konar truflun fyrir einstaklinga sömu tegundar sem ekki eru veiddir sem og fyrir aðrar dýrategundir og einnig aukna hættu á raski á gróðri og jarðminjum. Þá er full ástæða til að setja sérreglur um svæði sem er skilgreint Ramsar-svæði miðað við markmið og kröfur samningsins.

Ef fallið verður frá ákvæði um griðland þarf að tryggja með öðrum hætti að veiði á svæðinu valdi ekki óæskilegu álagi á dýr og annað lífríki á svæðinu með því að skilgreina skýrar veiðistjórnunar- og umgengisreglur. Eðlilegt er að mati Náttúrufræðistofnunar að það sé gert í stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs með skýrri tilvísun í lög um náttúruvernd nr. 60/2013 og lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Ingibjörg Halldórsdóttir - VATN" <ingibjorg.halldorsdottir@vjp.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: 2108086 - Óskað eftir umsögn Ní vegna veiðigriðlands á austursvæði VJP

Date: 28.10.2021 11:26:21

Til Náttúrufræðistofnunar Íslands

Meðfylgjandi er beiðni Vatnajökulsþjóðgarðs um umsógn NÍ vegna veiðigriðlands á austursvæði þjóðgarðsins.

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Bestu kveðjur



Ingibjörg Halldórsdóttir

Lögfræðingur / Lawyer

Vatnajökulsþjóðgarður / Vatnajökull National Park

Urriðaholtsstræti 6 – 8 , 210 Garðabær, Iceland

Sími/Tel + (354) 575 8400 ; M: +(354) 698 9009

www.vjp.is (<https://eur02.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.vjp.is%2F&data=02%7C01%7Casperdur%40hornafjordur.is%7Ce8fda82002954b9e90b608d7aeceb7ce%7C38be9249f3634985a5980d4883635b46%7C0%7C0%7C637170075188110181&sdata=Z0xv6VsO18RP4IKiHUQIHay%2BtUnoPMHh6ORKXNui8PY%3D&reserved=0>)

<http://www.stjornarrad.is/Fyrirvari>
(<https://eur02.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.stjornarrad.is%2FFyrirvari&data=02%7C01%7Casperdur%40hornafjordur.is%7Ce8fda82002954b9e90b608d7aeceb7ce%7C38be9249f3634985a5980d4883635b46%7C0%7C0%7C637170075188110139&sdata=fSV%2FgA279nGrwdU1OzV7n%2FduQ4rMqH48TrhztC2CJZU%3D&reserved=0>)



JAFNLAJNAVOTTUN
2020 - 2023



GRÆN SKREF

Um ábyrgð á tölvupósti / E-mail disclaimer: <http://www.stjornarrad.is/Fyrirvari>
(<https://eur02.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.stjornarrad.is%2FFyrirvari&data=02%7C01%7Casperdur%40hornafjordur.is%7Ce8fda82002954b9e90b608d7aeceb7ce%7C38be9249f3634985a5980d4883635b46%7C0%7C0%7C637170075188110139&sdata=fSV%2FgA279nGrwdU1OzV7n%2FduQ4rMqH48TrhztC2CJZU%3D&reserved=0>)

<http://www.stjornarrad.is/Fyrirvari>
(<https://eur02.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.stjornarrad.is%2FFyrirvari&data=02%7C01%7Casperdur%40hornafjordur.is%7Ce8fda82002954b9e90b608d7aeceb7ce%7C38be9249f3634985a5980d4883635b46%7C0%7C0%7C637170075188110139&sdata=fSV%2FgA279nGrwdU1OzV7n%2FduQ4rMqH48TrhztC2CJZU%3D&reserved=0>)

Vinsamlega hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður.

Please consider the environment before printing

Viðhengi

image003.png (5 KB)

image002.png (21 KB)

image001.png (10 KB)